



Stéttskipt Ísland

Eru börnin okkar fædd til fátæktar?

Við fæðumst ekki jöfn.

Ertu þræll eða þjónn?

Stéttskipting á Íslandi í áranna rás.

Hverjir eiga allt?

Hefurðu tíma til að hugsa um heilsuna?



Tímarit AFLs er helgað breytingum sem framundan eru á vinnumarkaði og samfélagsbreytingum sem þeim kunna að fylgja. Að þessu sinni er tekin fyrir stéttaskipting og misskipting á Íslandi fyrr og nú, og reynt sjá fyrir hvernig hún verður hjá komandi kynslóðum. Með því að skyggjast með þessum hætti inn í framtíðina vill félagið styðja Austfirðinga til góðra verka.

Útgefandi: AFL Starfsgreinafélag

Ábyrgðarmaður: Sverrir Mar Albertsson

Ritstjórn: Gunnar Gunnarsson

Höfundar efnis og mynda: Útgáfufélag Austurlands ehf. og AFL Starfsgreinafélag nema annað sé tekið fram.

Prófarkalestur: Austurrétt/Jens Einarsson

Upplag: 5.500 eintök

Umbrot: Augasteinar

Prentun: Héraðsprent


Dreift á öll heimili á félagssvæði AFLs frá Langanesbyggð til Hornafjarðar.



Til góðra verka

Meðal efnis

Stéttskipt Ísland



Vistarband og þrældómur

Stéttskipting í aldanna rás.



Mikilvægt að hækka barnabætur til einstæðra foreldra

Fátækt á heimilum flækir framtíð barna.




Stéttskipting hefur áhrif á heilsufar

Líkamleg vanlíðan eykst eftir því sem tekjurnar lækka.



Megum ekki taka réttindunum sem gefnum

Pálína Margeirsdóttir, ritari AFLs.




Stéttavitund Íslendinga

Peir sem reka sig á veggina eru meðvitaðri um stöðuna.



Hærri skattar á laun en eignir

Dreifing eigna hefur áhrif á jöfnuð í þjóðfélaginu.



Félagar í AFLi og framtíðin

Hvernig verður starfið þitt eftir tíu ár?



Hvaða stétt tilheyrir þú?

Taktu stéttaprófið.

Börnin fæðast ekki jöfn

Nýburar á fæðingardeild eru ekki jafnir og eiga ekki jafna möguleika. Einn er líklegri til að glíma við fátækt alla sína tíð. Annar mun að öllum líkindum eiga skemmri lífslíkur og líklega glíma við lífsstílsjúkdóma á borð við reykingar eða offitu.

Sá þriðji mun að öllum líkindum eiga góða æfi; eiga hamingjusama æsku, afla sér menntunar við hæfi og lifa síðan nokkuð örugga og tryggja ævidaga.

Sá fjórði mun búa við allsnægtir og mun ekki þurfa að hafa áhyggjur af fjármálum sínum. Hvort hann sækir sér menntun skiptir ekki öllu máli því framtíðin er trygg í skjóli ættar og auðs.

Þetta er nóturlegur vitnisburður um samfélagið okkar – en samt sannur. Auðvitað er ekkert svo klippt og skorið að unnt sé að ganga um á fæðingardeild og benda á nýfætt barn og sjá fyrir örlög þess. En tölfraeðin sýnir svo ekki verður um villst að efnahagur foreldra hefur mikil áhrif á lífshlaup barnanna.

Sverrir Mar
Albertsson



Í nýlegri skýrslu sem Dr. Kolbeinn Stefánsson skrifaði fyrir Velferðarvaktina og aðgengileg er á vef Velferðarráðuneytisins, vitnar hann í fjölda rannsókna sem sýna að fátækt í æsku eykur mjög líkur á lélegri heilsu á fullorðinsárum, minni námsgetu og lélegri stöðu á vinnumarkaði.

Sem betur fer er þó félagslegur hreyfanleiki mikill á Íslandi miðað við mörg önnur nágrannalönd og fólki er gefinn kostur á að ná vopnum sínum og bæta lífskjör sín. Því miður nýta ekki allir þann möguleika.

Yfirstétt getur af sér nýja yfirstétt

Því hefur löngum verið haldið fram að á Íslandi sé engin yfirstétt – hér séu allir jafnir. Það er ekki satt og hefur aldrei verið satt. Þetta er bara eitthvað sem okkur hefur verið innprentað svo við séum sáttari við hlutskipti okkar.

Ef lítið er til þeirra sem skipa Alþingi og önnur valdamikil embætti landsins, þá eru langflest þeirra af valdaættum. Afkomendur stjórnmalafólks eða valdafólks. Innan stjórnmalaflokkanna er líka yfirstétt og sú yfirstétt fæðir af sér nýja yfirstétt.

Auðmenn geta risið upp frá alþýðufólki og öll þekkjum við sögur um harðduglegt fólk sem braust til efna með dugnaði og útsjónarsemi en hélt alltaf „alþýðleika“ sínum og jafnvel nægjusemi. En börn þeirra sem erfðu svo auðæfin eru yfirleitt hreint ekki af „alþýðustétt“ í eigin augum. Þegar þriðja kynslóðin kemur svo til sögunnar erum við komin með hreinræktada yfirstétt sem telur sig hafna yfir lög og reglur.

Kerfi fyrir suma

Verkalýðshreyfingin og jafnaðarmanna-flokkar um víða veröld hafa frá upphafi barist fyrir jöfnuði og því að auðæfum sé betur skipt milli þegnanna. Ennfremur fyrir því að jafnvel þeir tekjulægstu geti búið

mannsæmandi lífi og notið lífsgæða. Menn hafa farið mismunandi leiðir að þessu markmiði víða um heim, allt frá vopnuðum byltingum öreiga og til lýðræðislegrar þróunar á velferðarsamfélagi eins og Norðurlöndin hafa reynt að koma á.

Aðför auðmanna að velferðarkerfum okkar er árás á lífskjör tugþúsunda í nútíð og framtíð. Og það er hægt að tala um aðför auðmanna því Alþingi er að mestu skipað yfirstétt og fólki sem hefur aldrei þurft að hafa áhyggjur af næstu mánaðamótum.

Velferðarkerfi eins og heilbrigðiskerfi, skólakerfi og almannatryggingar eru til að jafna kjör og til að allir geti haft jafna möguleika. Því er skerðing á þjónustu þessara kerfa bein aðför að jafnræðinu. Skólagjöld skerða aðgengi fátækra að námi. Komugjöld á heilbrigðisstofnanir skerða aðgengi fátækra að læknishjálp.

Það skiptir í sjálfu sér engu máli hversu lág þessi gjöld eru – þau skerða aðgengi og koma mjög ákveðnum skilaboðum á framfæri. Skilaboðin eru: þessi þjónusta er ekki fyrir alla! Í nýlegum Austurglugga er farið yfir kostnað ungrar konu sem glímur við krabbamein. Kostnaðurinn er kominn í um 700.000 þrátt fyrir niðurgreiðslu á fargjöldum – og þá er ekki tekinn með húsnæðiskostnaður í Reykjavík.

Skilaboðin eru því ákafllega skýr: Ef þú ert ekki þökkalega vel settur með trausta fjölskyldu að bakhjarli skaltu ekkert vera að fá krabbamein. Meðferðin er nefnilega ekki fyrir alla.

Spilað með alþýðuna

Aðför auðmanna að velferðarkerfum okkar er árás á lífskjör tugþúsunda í nútíð og framtíð. Og það er hægt að tala um aðför

auðmanna því Alþingi er að mestu skipað yfirstétt og fólki sem hefur aldrei þurft að hafa áhyggjur af næstu mánaðamótum. Þessir auðmenn – sem alþýðan kys aftur og aftur til valda – virðast líta á skatttekjur landsins sem sína auðlind og að það sé

„óábyrg meðferð á fjármunum“ að nota þá til að jafna kjör fólks.

Verkalýðshreyfingin stendur magnvana gagnvart þessu hreðjatakni sem yfirstéttin virðist hafa á kjösendum landsins – því pistill sem þessi er lesinn af fáeinum einstaklingum sem flestir eru sennilega meðvitaðir um þennan sannleika og sammála boðskapnum. Á sama tíma æsa útlærðir markaðssérfræðingar

stórfyrirtækjanna almenning upp í endalausum kaupæði og skuldsetningu.

Það er þó ekki það sem veldur mestum áhyggjum, heldur hitt að þegar kemur að mikilvægum samfélagsmálum þá beitir yfirstéttin fjölmiðlum og samfélagsmiðlum með hárnákvæmum vísindalegum aðferðum til að móta skoðanir fólks og beinir reiði og gremju að minnihlutahópum og elur þannig á hatri og fordómum. Svo hlær yfirstéttarfolkið alla leið í bankann á meðan alþýðan lætur smala sér eins og sauðfé að hausti.

Þetta fréttabréf AFLs er helgað umræðu um misskiptingu og stéttaskiptingu. Hér fjöllum við um misskiptingu eigna og skoðum stéttskiptingu í ljósi sögunnar og fjöllum um áhrif fátækta á börn og framtíðarhorfur þeirra. Til gamans (ef svo má að orði komast um stéttskiptingu og óréttlæti) er hér í blaðinu „stéttarpróf“. Þetta eru ekki hárnákvæm vísindi – en gefa fólki mögulega einhverja vísbendingu og eflaust verða margir hissa á niðurstöðunni.

Hefur aðför yfirstéttarinnar að velferðarkerfunum bein áhrif á framtíðarmöguleika þíns barns?

Sverrir Mar Albertsson

„Ég á þetta, ég má þetta,“ er setning sem höfð hefur verið eftir útrásarvikingum og fleirum sem vanir eru að fá sínu fram og telja sig yfir reglur samfélagsins hafnir. Mögulega hafa þeir alist upp við það og alist upp við það kynslóðum saman að eiga tæki, húsnæði og jafnvel fólk og getað gert það sem þeim sýnist. Stéttskipting hefur tíðkast nánast frá því mannkynið kom fram, stundum lögbundin en stundum eftir duldari leiðum.


Árið 1776 f.Kr. var Babylón stærsta borg í heimi. Hammúrabí er sá konungur Babylóníu sem þekktastur er á okkar dögum, einkum vegna þess að erfst hafa lög kennd við hann. Flest þekkjum við reglurnar „auga fyrir auga“ og „tönn fyrir tönn“ en þegar lög Hammúrabís eru skoðuð kemur í ljós að þar eru sumir jafnari en aðrir.

„En ef æðri maður blindar almúgamann eða þræl þarf hann aðeins að greiða sekt, miðað við virði þess sem fyrir skaðanum varð.“ Þessu var hins vegar öðruvísi farið ef þræll meiddi einstakling úr æðri stétt, þá hlaut hann þyngri refsingu. Lögin byggja á klárri stéttskiptingu, annars vegar milli karla og kvenna, hins vegar milli yfirstéttar, almúgafólks og þræla.

Lög Hammúrabís eru meðal þess sem tekið er fyrir í Sapiens, bók ísraelska sagnfræðingsins Yuval Noah Harari, sem notið hefur mikilla vinsælda víða um heim síðustu misseri og kom í sumar út á íslensku. Í bókinni tekur Harari fleiri

Stéttskipting í sögunni

Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn
– nema fyrir suma



Karl Marx

dæmi um hvernig ólík samfélög hafa í tímans rás flokkað einstaklinga leynt og ljóst í ólíkar stéttir. Þannig hafi Kínverjar til forna trúað því að þegar mannfólkið var skapað úr mold hafi aðalsfólkið verið gert úr finni gulri mold en alþýðufólkið úr brúnni leðju. Hann nefnir að þótt stigveldi á Vesturlöndum á grundvelli líffræðilegs mismunar sé á undanhaldi ríki þar enn stéttskipting þar sem yfirstéttin búi í finni hverfum, læri í sérstökum skólum og hafi aðgang að betri heilbrigðisstofnunum. „Því miður virðast margþætt mannleg samfélög þurfa á ímynduðu stigveldi og óréttlátu misrétti að halda. Auðvitað eru ekki öll stigveldi siðferðilega eins og sum þurfti að þola öfgafyllra misrétti en önnur, en fræðimenn vita samt ekki um neitt stórt samfélag þar sem hefur tekst að uppræta misrétti til fulls,“ ritar Harari. Munurinn er aðeins á hverju stéttskiptingin byggist: auði, ætterni, húðlit eða öðru.

Átök stéttanna

Í alfræðiorðabókinni *Britannicu* er fjallað um hvernig lengi hafa verið til þekktir samfélagspírámídar í samfélagi mannfólksins þar sem hver einstaklingur hefur skilgreint hlutverk. Efstir voru hinir prestslærðu, sem oft voru jafnframt embættismenn, enda kunnu þeir að skrifa og reikna. Síðan voru þeir sem stunduðu viðskipti, kunnu ákveðnar iðngreinar, almúginn og loks þrælarnir sem oft voru hnepttir í ánaud eftir að hafa tapað í stríðum eða sokkið í skuldir. Þessi stéttskipting viðhélst hjá forn-Grikkjum og Rómverjum. Þótt þar hafi fundist einstaka lýðræðissamfélög sem stundum hafi steypst valdastéttinni hafi hin efnahagslega stéttskipting viðhaldist.

Stéttir fara að koma fram sem skilgreint hugtak með framgangi félagsvísindanna og upp úr iðnbýltingunni á 19. öld. Þekktasta, og jafnframt umdeildasta, skilgreiningin



Myndrista af egypskum þrælamarkaði. Ljósmynd: Wikimedia Commons/Mike Knell

á stéttum er frá Karli Marx og er grundvöllur að frekari kenningum hans. Í grófum dráttum dregur hann línu milli yfirstéttarinnar, sem á framleiðslutækin, og þeirra sem starfa við framleiðsluna. Ekki er nóg með að yfirstéttin stjórni framleiðslu áþreifanlegra gæða, heldur líka hugmyndum, menningu og þjóðfélaginu í gegnum stjórn málin. Þjóðfélagið er síðan drifið áfram af átökum þessara stétta.

Bæði samtímamenn Marx og aðrir félagsfræðingar hafa bent á fleiri drifkrafta í samfélögum, til dæmis trúarbrögð. Þó er það svo að stéttir eru viðurkenndar innan félagsfræðinnar í dag. Almennt er skipt í þrennt, yfirstétt, millistétt og svo lægri stétt eða verkamannastétt. Yfirstéttin erfir auðævi sín og hefur aðgengi að námi, áhrifum og afþreyingu umfram aðrar. Þeir sem starfa í frumframleiðslunni eru síður menntaðir og búa við lægri tekjur og verri aðbúnað. Með breyttum hagkerfum er fólk í þjónustustörfum gjarnan skilgreint í þessum hópi. Í millistétt er svo fólk í sérhæfðum störfum eða sjálfstætt starfandi.

Almennt er talið að bæði hérlendis, sem og á Vesturlöndum, hafi kjör alþýðunnar batnað jafnt og þétt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Bændur og vinnuhjú

Auga fyrir auga æðri manns, en skildingur fyrir auga þræls tíðkaðist í fleiri samfélögum, meðal annars því íslenska. Það var stéttskipt strax við landnám, landnámsmennirnir höfðu með sér þræla. Á Íslendingasöguvef Brynhildar Þórarinsdóttur, dósentis við Háskólann á Akureyri, er bent á að hefndarskyldan, sem er svo vel þekkt úr sögunum, hafi hvílt á bændum og fjölskyldum en alls hafi ekki verið tryggt að vinnumanns, hvað þá þræls, yrði hefnt..

Bændur voru þeir sem áttu land. Því ríkari sem þeir voru því fleiri vinnuhjú og þræla gátu þeir haldið. Allra ríkustu og völdugustu bændurnir urðu goðar. Fátækir bændur þurftu að leigja land af hinum ríkari og kölluðust leiguleiðar. Þeir

nutu minni virðingar en voru skör ofar en vinnufólkið, sem var þó frjálst, ólíkt þrælunum sem voru eign bændanna.

Þessi stéttskipting hélst svo gott sem fram á 19. öld, þangað til voru flestir bændur leiguliðar og greiddu leigu til höfðingja fyrir að búa á jörð. Sá bjó með fjölskyldu sinni með vinnufólki á höfuðbóli þar sem jafnvel héldu til allt að 100 manns. Mikill munur var á kjörum þessara hópa. Í Landbúnaðarsögu Íslands stíkar sagnfræðingurinn Árni Daníel Júlísson á því að leiguliðarnir hafi byrjað að hrista af sér hlekkina þegar þeir gátu sjálfir farið að stunda verslun á 18. öld. Þeir kröfðust þess síðan að eignast jarðir sínar þegar sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar hófst.

Á þessum tíma tíðkaðist líka hið svonefnda vistarband. Ef fólk réði ekki eigin búi þurfti það að ráða sig á annað heimili. Bóndinn þar bar ábyrgð á að útvega fólkinu fæði, klæði og húsaskjól á ráðningartímanum. Laun fólksins

voru yfirleitt svo lág að það gat ekki séð afkomendum sínum farborða. Margir, einkum konur, voru í vinnumennsku ævilangt. Ef bóndinn stóð ekki við sínar skyldur var hægt að kæra hann til hreppsstjóra, en slíkt var fátítt. Vinnufólkið mátti ekki fara neitt án leyfis húsbóndans og hann gat beitt það refsingum.

Í grein á Visindavefnum bendir Gísli Gunnarsson, prófessor í sagnfræði, á að vistarbandið hafi ekki verið séríslenskt fyrirbrigði en hérlendis hafi hærra hlutfall fólks verið í verkamannastétt en víða annars staðar. Það hafi þjónað ákveðnum tilgangi í skipulagi samfélagsins og líkir Gísli því við lögheimilisskráningu nútímans, en það tryggði líka bændum ódýrt vinnuafl.

Ög þegar Íslandssagan er skoðuð er rétt að hafa í huga að þegar kosningarétti var fyrst komið á hérlendis um miðja nítjándu öld voru það aðeins frjálsir karlar, það er hvorki vinnumenn né þeir sem skulduðu öðrum, sem máttu kjósa.

Hey bundið í bagga á Íslandi árið 1907. Stórbændur höfðu örlög vinnufólks í höndum sér fyrr á öldum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson/Wikimedia Commons



Stétta- prófið

Taktu stéttaprófið! Hvaða stétt tilheyrir þú?

Á síðum þessa blaðs finnur þú 20 spurningar sem varða stéttaskiptingu. Svarir þú þeim öllum og telur saman stigin sem gefin eru upp aftast í blaðinu, færðu vísbendingu um hvaða stétt þú tilheyrir. Þetta eru ekki hárnákvæm vísindi, en líklega verður þú hissa á niðurstöðunni.

1.

Hvert rekurðu ættir þínar?

- Til embættismanna, presta og stórbænda.
- Til leiguliða, sjómanna og verkafólks.
- Ég er innflytjandi.

Guðmundur Oddsson



Ísland hefur alltaf verið stétt- skipt

Stéttaskipting hefur verið við lýði á Íslandi allt frá landnámi. Eftir seinna stríð skaut þeirri hugmynd rótum að landið væri tiltölulega stéttlaust. Hinsvegar fjarði undan þessum hugmyndum samfara mikilli aukningu ójafnaðar frá miðjum tíunda áratugnum og fram að hruni. Um leið jókst stéttavitundin.

„Stéttir hafa verið verið til í árþúsundir þótt aðallega sé fjallað um stéttaskiptingu sem nútímafyrirbæri, en hugmyndin um stéttir varð með innreið nútímans eitt af lykilhugtökunum til að skilja samfélagið. Ísland er stéttskipt eins og

önnur kapítalísk markaðssamfélög og hér hefur verið stéttaskipting í einhverri mynd frá landnámi. Landnemarnir stunduðu, sem dæmi, þrælahað, sem er ýktasta form félagslegs ójafnaðar, þar sem einn hópur fólks á annan hóp og eignar sér vinnuframlag hans,“ segir Guðmundur Oddsson, dósent við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann lauk árið 2014 doktorsnámi í félagsfræði frá Missouri-háskóla í Bandaríkjunum, þar sem hann skrifaði um stéttavitund Íslendinga. Hann hefur í meira en áratug rannsakað og skrifað fræðigreinar um hugmyndir Íslendinga um stéttskiptingu.

„Alla tíð hefur verið fámenn yfirstétt á Íslandi í sem hefur ráðið yfir mestum auði og völdum. Á fyrri hluta 20. aldar breyttist hin for-kaþítalíska stéttskipting og varð nútímalegri.“

Aldrei formlegur aðall

Stéttskipting á sér ýmsar birtingarmyndir. Í grunninn er stétt hópur sem deilir tækifærum og kjörum, einkum efnahagslegum. Í öðru lagi eru stéttir hreyfiöfl í þjóðfélaginu og hlutgerast í stéttbundnum samtökum á borð við stjórnmálaflokka sem berjast í þágu ákveðinna stétta, stéttarféлага eða samtökum atvinnurekenda. Guðmundur bendir á að héraendis hafi félög launþega verið uppspretta þjóðfélagsbreytinga, svo sem uppbyggingar velferðar- og menntakerfisins. Í þriðja lagi er rætt um stéttir með vísun í virðingarstöðu, menningu og lífstíl. Guðmundur segir að þessi síðastnefnda birtingarmynd hafi ekki átt upp á pallborðið hér á landi, Íslendingar geri almennt lítinn mannámun í samskiptum. „Hér hefur ríkt eins konar „stöðuleysi“, héraendis er ekki gert jafn mikið úr virðingarröð og víða annars staðar. Ísland er til dæmis

eina landið í Evrópu sem hefur aldrei haft formlegan aðall. Þar með er ekki sagt að hér hafi ekki verið „aðall“ í einhverri mynd og má þar nefna stöðu stórbænda, landeigenda og embættismanna fyrir á öldum. „Orðatiltækið að sitt er hvað Jón og séra Jón sprettur ekki upp úr engu.“

Hugmyndir um stéttleysi eftir seinna stríð

Guðmundur bendir á að snemma á síðustu öld tekjum og eignum verið gríðarlega ójafnt skipt hér á landi. Árið 1927, sem dæmi, hafi ríkustu 10% átt yfir 80% eigna héraendis. Þá hafi tekjuójöfnuður verið litlu minni hér en í Bandaríkjunum, sem hafi verið „mikið ójafnaðarsamfélag.“ Ástandið hafi breyst í seinni heimsstyrjöldinni og heilmikið á eftirstríðsárunum samfara auknum hagvexti, útvíkkun millistéttarinnar og vexti velferðarkerfisins. „Í kjölfar stríðsins batnar atvinnuástandið, þá var mikill hagvöxtur og til verða millistéttastörf sem opna á félagslegan hreyfanleika þannig að verkafólk hefur tök á að færast upp á við og búa við betri kjör. Á þessum tíma skýtur hugmyndin um að Ísland sé tiltölulega stéttlaust land hvað föstustum rótum.“

Guðmundur segir að sú hugmynd hafi ekki verið algjörlega úr lausu lofti gripin. Tekjujöfnuður héraendis frá 1945-1995 hafi verið einn sá mesti í heiminum. Stéttskipting hafi þó áfram verið fyrir hendi. „Þetta var stigsmunur frekar en eðlismunur.“

Upp úr miðjum tíunda áratugnum og fram að hrúni jókst efnahagslegur munur ógnarhratt í krafti nýfrjálsbyggjuvæðingar íslensks þjóðfélags. „Tekjuójöfnuður héraendis fer frá því að vera með minnsta móti í alþjóðlegum samanburði yfir í að nálgast ástandið í Bandaríkjunum, ójafnasta vestræna þjóðfélaginu.“



Stéttaprófið

2.

Hvernig gekk þér í unglingsdeild í grunnskóla?

- a. Afleitlega.
- b. Þokkalega, með því að leggja hart að mér.
- c. Nokkuð vel.
- d. Ég hafði ekkert fyrir þessu.

3.

Hver er staða þín á húsnæðismarkaði?

- a. Ég leigi en veit ekki hve lengi ég hef húsnæðið.
- b. Ég er með örugga stöðu á leigumarkaði.
- c. Ég og bankinn minn eigum saman húsnæði sem passar mér.
- d. Ég á einbýlishús.



Á myndinni mætir Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings fjölda blaðamanna fyrir utan Héraðsdóm. Fjöldi hrunmála og umfjöllunar um þau jók á stéttarvitund og tilfinningu fyrir misskiptingu.

Stéttavitund jókst um leið og ójöfnuðurinn

Guðmundur hefur meðal annars rannsakað stéttavitund Íslendinga á árunum 1986-2012 með því að greina orðræðu í bæði fjölmiðlum og Alþingi. „Greining mín sýnir að frá miðjum tíunda áratugnum og fram að hruni gróf undan þeim sjálfsögðu sannindum að Ísland væri tiltölulega stéttlaust land. Samhliða jókst vitund um stéttskiptingu.“

Hann segir að á Alþingi á tímabilinu 1986-94 hafi verið þó nokkur samstaða um það að Ísland væri tiltölulega stéttlaust. Samhliða aukningu efnahagslegs ójafnaðar frá 1995-2007 hafi hinsvegar fjarð undan hugmyndum um stéttleysi, sem birtist meðal annars í mikilli fjölgun staðhæfinga í fjölmiðlum um að það væri stéttaskipting á Íslandi og að þingmenn hafi tekið sterkar til orða er líða tók á tímabilið og fullyrnt að hér væri stéttskipting í margvíslegum skilningi.

Sér í lagi var þingmönnum tíðrætt um ofurlaun og fátækt í þessu samhengi. Fjöldi greina sem innihalda staðhæfingar um að Ísland sé stéttskipt óx í takt við vaxandi tekjuójöfnuð. Guðmundur segir að vinstri menn á þingi hafi aðallega gagnrýnt stéttskiptinguna en að breiðari hópur hafi tekið undir eftir því sem efnahagslegur ójöfnuður jókst.

Fína og fræga fólkið

Á árunum fyrir hrun verður líka til ný stétt sem Íslendingar þekktu ekki. „Ég held að Séð og heyrt hafi fyrst verið gefið út árið 1996 og byrjar fljótlega að hampa „fína og fræga fólkinu“. Á þessum árum byrjar jafnframt ofurrík stétt útrásarvíkinga, sem berst á og flaggar auði sínum, að taka á sig mynd. Yfirstétt fyrri tíma gerði þetta ekki í sama mæli. Alli ríki á Eskifirði, þá einn ríkasti maður landsins,

sýndi, sem dæmi, ákveðna hófsemi og var oft með fólkinu á verksmiðjugólfinu. Það er annað en að eiga hús í dýrustu götu Lundúna og fljúga um á einkapötu.“

Guðmundur talar um sýndarneyslu, sem snýst um að þeir sem hafa aðgang að miklum peningum kaupa dýran lúxusvarning til að sýna öðrum hvað þeir geti leyft sér. Tilgangurinn sé að sýna vald sitt og tryggja stöðu sína. „Þeir tryggja ráðandi stöðu og ákveðna virðingu með að láta aðra vita hvað þeir geti gert í krafti auðs síns. Fjölmiðlar hjálpa óbeint til við þetta með að koma á framfæri fréttum um hversu mörg og stór hús þetta fólk á eða hvaða heimsfrægi skemmtikraftur hafi troðið upp í afmæli viðkomandi. Með þessu er almenningi nuddað upp úr veldi viðkomandi í misskiptu og óréttlátu samfélagi.“



Hrunárin jöfnuðu leikinn

Hann segir umræðu um stéttskiptingu hafa minnkað í kjölfar hruns, líkt og tekjujöfnuðurinn. Á þeim tíma hafi hátekjufólk misst spón úr aski sínum, enda keyrðu fjármagnstekjur ójafnaðaraukninguna fyrir hrun, auk þess sem stjórnvöld hafi gripið til aðgerða er verja áttu lág- og miðtekjufólk. „Afraksturinn var að tekjujöfnuður jókst í kjölfar hruns, sem er undantekning frekar en regla í efnahagshruni.“

Tímabilið sem Guðmundur Ævar rannsakaði með tilliti til stéttaorðræðu og ójafnaðar nær til 2012 en aðspurður bendir hann á visbendingar um að ójöfnuður hafi aukist lítillega síðustu ár. Þetta sýni gögn Ríkisskattstjóra yfir heildartekjur, allar tekjur meðtaldar, sem séu áreiðanlegustu gögnin þegar reikna eigi út ójöfnuð í tekjuskíptingunni.

Þeir sem rekast á veggina eru meðvitaðri

Stéttavitund er eitt aðalatriðanna í rannsóknum Guðmundar. Rannsóknir hans benda til þess að Íslendingar séu talsvert meðvitaðri um stéttir og eigin stéttastöðu en fyrir rannsóknir gefi til kynna. Hann vísar einnig til spurningalistakönnunar, sem lögð var fyrir lýsandi úrtak Íslendinga í fyrra á vegum Stundarinnar, þar sem 56% svarenda sögðu stéttskiptingu í íslensku þjóðfélagi mikla, 87% að sumir hefði meiri möguleika til að komast áfram í lífinu en aðrir og 75% að stéttskípting hefði aukist síðustu 20 ár. „Þessar tölur lýsa ekki samfélagi sem fólk upplifir sem stéttlaust.“ Staða fólks hefur mikil áhrif á stéttavitund. „Þeir sem rekast á veggina eru meðvitaðri en fólk sem nýtur forréttinda er oft ómeðvitað um forréttindi sín og almennan ójöfnuð á grundvelli þeirra.“

Þá vill Guðmundur meina að hugmyndin

um Ísland sem tiltölulega stéttlaust samfélag risti ekki jafn djúpt og áður. Ekki þýði heldur fyrir stjórnmálamenn að tala fyrirvaralaust um Ísland sem stéttlaust land eins og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem dæmi, fékk að kynna eftir eina af hátíðarræðum sínum sem forsætisráðherra. „Hann talaði um að Ísland væri ekki stéttskipt, líkt og íslenskir þjóðhöfðingjar höfðu gert síðustu 70 ár. Á árum áður voru vanalega ekki settar spurningar við svona staðhæfingar en þarna fékk hann strax miklar mótbárur.“

80% álíta sig í miðstétt

Guðmundur segir um 80% Íslendinga áliti sig í einhvers konar millistétt. Í fræðaheiminum sé hinsvegar talað um svokallaða „millistéttarskekku“ í þessu tilliti, sem skýra má að hluta með því að fólk miði sig við fjölskyldu, samstarfsfólk og vini og telji sig yfirleitt í meðallagi statt miðað við þá, sem mótar huglæga stéttarstöðu almennt. Ennfremur telji margir „öruggara“ að segjast í millistétt, þar sem það kalli síður á frekari útskýringar. Þá bendi erlendar rannsóknir til þess að fólk í verkamannastétt, sem vinni líkamlega erfið störf á lágmarkskjörum, hneigist til að sjá sig ofar í stéttakerfinu en efni standa til meðan fólk í efri millistétt geri minna úr forréttindum sínum. Ætla má að 60-65% Íslendinga geti flokkast í millistétt samkvæmt hlutlægum mælikvörðum.

Eins og áður hefur komið fram er hægt að horfa á jöfnuð í þjóðfélögum út frá nokkrum breytum. Þegar litið er á tekjuskíptingu er Ísland eitt það jafnasta í heimi en staðan er önnur þegar horft er á eignaskíptingu. Guðmundur vísar til „Global Wealth Databook“ skýrslu Credit Suisse frá árinu 2018 sem sýni að eignaójöfnuður á Íslandi, mældur út frá hlutdeild ríkustu 10% af hreinni eign (það er 57,5%), sé nokkuð undir meðallagi



Stéttaprófið

4.

Hefurðu farið svangur/svöng að sofa vegna þess að þú áttir ekki fyrir mat?

- a. Já, það kemur fyrir.
- b. Já, en það er langt síðan.
- c. Nei, aldrei.

5.

Reykirðu?

- a. Já.
- b. Nei.



miðað við þau 40 lönd þar eru borin saman. Tuttugu og sjö landanna eru með meiri eignajöfnuð út frá þessum mælikvarða en Ísland, en hafa verði í huga að nokkur landanna sé svokölluð „þróunarlönd“, sem jafnan eru plöguð af mikilli misskiptingu. Þá sé eignajöfnuður á Íslandi meiri en í löndum á borð við Bretland, Frakkland og Kanada.

„Eignaskipting er afdrifaríkari fyrir stéttaskiptingu en tekjuskipting því eignir erfast milli kynslóða en ekki tekjur. Þetta skiptir máli fyrir endursköpun ójafnaðar, sem birtist m.a. í því hverjir ná að eignast eigið húsnæði. Hverjir ná því helst á höfuðborgarsvæðinu? Fólk sem á pening fyrir eða á foreldra eða aðra sem geta hjálpað til með fyrirgreiðslu. Þetta er dæmi um hvernig börn eignafólks nær forskoti á aðra. Dugnaður, hæfni eða vinnusiðferði viðkomandi skipta minna máli í þessu en hversu heppinn þú varst í fæðingarlottoinu. Þeir sem eru á toppnum erfa tugi eða hundruð milljóna en þeir sem á botninum erfa jafnvel bara skuldir. Það má líkja þessu við að klífa Everest. Sumir byrja í efstu fjallbúðum en aðrir niðri við sjávarmál. Ennfremur ef þú elst upp í efstu búðunum nærðu að venjast loftslaginu þar og hvernig þú átt að bjarga þér.“

Í þessu samhengi hefur meðal annars verið bent á að Alþingi séu þingmenn af annarri eða jafnvel þriðju kynslóð. „Það er alvarlegt ef þeir sem sitja á þingi koma fyrst og fremst úr efstu lögum samfélagsins og eru ekki í tengslum við þorra almennings. Við höfum séð hvernig valdastéttin hérlandis hefur endurskapað sig innbyrðis kynslóð eftir kynslóð í gegnum tíðina, þótt þessa hafi gætt meira á öldum áður,“ segir Guðmundur.

Börn innflytjenda sitja eftir

Varað hefur verið við því að til sé að verða ný lágstéttinnflytjenda á Íslandi. „Það sem gerst hefur erlendis virðist vera að gerast



Sumir byrja í efstu fjallbúðum en aðrir niðri við sjávarmál.

hér, að lægst launuðu störfín í þjónustu og framleiðslu séu aðallega skipuð fólki af öðru þjóðerni. Auðvitað skapast hætta á að þessir einstaklingar og afkomendur þeirra festist í þessum láglauastörfum.“

Menntakerfið hefur löngum reynst mikilvægt til að jafna aðstöðumun stétta, með því að börn ríkra og fátækra gangi í sömu skólanna. Guðmundur varar þó við að nýjar rannsóknir bendi til þess að síðustu 20 ár hafi börn efnameiri foreldra hérlandis safnast í ríkari mæli í sömu skólanna meðan börn hinna efnaminni sitji eftir í öðrum.

Í samantekt Gest Guðmundssonar frá árinu 2013 á stöðu innflytjenda í íslenskum

framhaldsskólum kemur fram að meðal innflytjenda hafi 60% stráka og 40% stelpna ekki lokið framhaldsskólanámi fyrir 22 ára aldur. Hlutfallið meðal íslenskra stráka úr sömu árgöngum er 36% og 22% meðal stúlkna. Ungmennin segjast dæmd fyrir tungumálakunnáttu sína, þau eigi erfitt með að eignast íslenska vini og þótt kennararnir séu oftast viljugir til að hjálpa eigi foreldrarnir erfiðra með það. „Almenningsmenntakerfið hefur löngum verið álitnið jöfnunartæki en ef börn innflytjenda ná ekki að fóta sig í menntakerfinu er það uppskrift að aukinni stéttaskiptingu,“ segir Guðmundur.



Hver er Guðmundur Oddsson?

Guðmundur Oddsson, dósent við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann lauk árið 2014 doktorsnámi í félagsfræði frá Missouri-háskóla í Bandaríkjunum, þar sem hann skrifaði um stéttavitund Íslendinga. Hann hefur í meira en áratug rannsakað og skrifað fræðigreinar um hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu.

Kolbeinn Hólmar
Stefánsson



Stéttaprófið

6.

Hvað hefurðu helst í huga þegar þú verslar í matinn?

- a. Eingöngu verðið.
- b. Innihald og næringargildi.
- c. Hvað mig langar í.

7.

Hvaða menntun hefur þú?

- a. Grunnskólapróf.
- b. Framhaldsskóla- eða iðnpróf.
- c. Grunnám úr háskóla.
- d. Framhaldsnám á háskólastigi.

Börn einstæðra foreldra og öryrkja í viðkvæmasti stöðu

Börn einstæðra foreldra, öryrkja og þeirra sem eru á leigumarkaði eru þau sem standa veikast efnahagslega hérlendis. Mikilvægt að gera átak í stöðu öryrkja og hækka barnabætur til einstæðra foreldra.

Þetta eru helstu niðurstöður skýrslunnar „Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016“ sem Kolbeinn H. Stefánsson, doktor í félagsfræði vann fyrir Velferðarvaktina, sem heyrir undir

félagsmálaráðuneytið, í byrjun árs. Kolbeinn segir stöðu barna hérlendis almennt góða, líkt og lífskjör almennt, en áætlað um 15% séu á heimilum sem búi við fjárhagsþrengingar og um 10% búi við fátækt. Mun færri búi við sára fátækt. „Nýjustu tölurnar sem við höfum eru frá 2016. Almennt getum við sagt að heimili með tvær fyrirvinnur séu ágætlega sett enda hafa lífskjör allra meira og minna batnað síðustu ár, en það hafa ekki orðið framfarir hjá einstæðum foreldrum og öryrkjum.“

Varfærin með óskir sínar

Fátæktin hefur margvísleg áhrif á líf barnanna. Kolbeinn segir að fátækir foreldrar leitist við að hlífa börnum sínum við mestu áhrifunum, borði til dæmis ekki fyrir en börnin séu orðin södd og neiti sér um hluti þannig að börnin njóti forgangs.

„Börn á fátækum heimilum upplifa ekki efnislega fátækt en það er ekki þar með að sagt þau verði ekki vör við hana. Börn eru næm og átta sig oft á aðstæðum. Erlendar rannsóknir hafa ítrekað sýnt að börn fátækra foreldra eru gætin. Þau láta ekki uppi hvað þau langar í eða að hvað þau langar að gera, því þau vita að það eykur álagið á foreldrana,“ segir Kolbeinn.

Á brattann að sækja

Fátæktin getur einnig dregið úr framtíðarmöguleikum barnanna. „Fátækt fer illa með fólk. Hún hefur neikvæð áhrif á getu okkar til að vera foreldrar. Fátækt foreldri er ekki vont foreldri, en að vera gott foreldri snýst um tíma og orku til að styðja við börnin og sýna þolinmæði gagnvart uppátækjum þeirra. Ef þú hefur hvorugt þá kemur það niður á þér sem foreldri og barninu þínu líka.

Íslenskt þjóðfélag er mikið neyslu- og efnishyggiusamfélag. Félagslega er mjög

erfitt fyrir barn að hafa ekki jafn mikið milli handanna og meðalbarnið. Við erum fljót að dæma hvert annað út frá eignum og lífsstíl og börn eru þar engin undantekning. Að vera barnið í bættu fötunum eða með lélegri simann getur haft neikvæð áhrif. Börn hafa mikla seiglu en ef þú elst upp á fátæku heimili eru auknar líkur á að þú búið við fátækt á fullorðinsárum. Næring er lyklatríði á fyrstu 2-3 árunum og fátækt getur sett strik í reikninginn þar.

Við tölum um menntakerfið sem lykil að félagslegum hreyfanleika milli kynslóða. Ókeypis framhaldsskóli einn og sér er ekki nóg. Barn úr efnadri fjölskyldu hefur efni á að klúðra og tefjast í námi ólíkt barni af efnaminna heimili þar sem er þrýstingur á að barnið fari að heiman. Þar eru líka sterkari hvatar að baki því að fara snemma að vinna.“

„Fátækt hefur neikvæð áhrif á getu okkar til að vera foreldrar.“

Hann nefnir enn fremur börn innflytjenda. „Þau eru alltaf í hættu á að detta út. Við vitum að þátttaka þeirra í tómstundastarfi er minni. Náum við til þeirra eða erum við búin að einangra innflytjendur í menningarkima í tekjulægri störfum?“

Ööryggi á leigumarkaði

Börn foreldra sem flakka á milli á leigumarkaði frekar en búa í eigin húsnæði standa einnig höllum fæti. „Langtímahorfur þeirra sem eiga hús eru alltaf betri en þeirra sem eru á leigumarkaði. Búsetuöryggið er meira en



hjá leigjendum á markaði sem hefur verið óstöðugur síðustu ár og fólk þurft að flytja á eins til tveggja ára fresti. Við höfum séð dæmi um að húsnæðið sé of lítið eða illa farið þannig að börnin veigra sér við að bjóða vinum sínum heim. Þetta hefur líka áhrif á öryggisfinninguna. Hugsum okkur barn sem býr í blokk þar sem lögreglan er kölluð til hverja helgi vegna vandamála með nágannana. Við tíða flutninga bættist við að börnin eru rifin úr sínu félagslega umhverfi og þau þurfa að aðlagast nýjum skóla og nýju íþróttafélagi.“

Hækka verður barnabætur

Kolbeinn segir stöðu fátækra foreldra ekki óleysanlegt vandamál. „Langskilvirkast er að auka barnabætur til einstæðra foreldra. Í því samhengi verður að horfa til þess að búsetuform skilnaðarbarna hefur breyst. Þegar ég var að alast upp á níunda áratugnum var hefðin sú að faðirinn flutti út, borgaði meðlag og var með barnið aðra hverja helgi. Í dag skipta börnin búsetunni á milli en kerfið gerir ekki ráð fyrir því.

Síðan getur verið að annað foreldrið sé öryrki meðan hitt stendur vel. Þá er barnið mögulega í fátækt aðra hverja viku. Við vitum lítið um þessa hluti. Foreldrar geta verið foreldrar þótt þeir séu ekki skráðir sem slíkir og þurfa þá að hafa auka herbergi og aðstæður til að geta fengið börnin til sín.“

„Konur í umönnunar- og þjónustustörfum eru hin nýja verkalýðsstétt.“

Kolbeinn telur hins vegar að aðgerðir sem beinast eingöngu að börnum séu ekki skilvirkar, til dæmis friar skólamáltíðir. „Við hugsum stundum að börnin beri ekki ábyrgð á sinni stöðu en foreldrarnir beri ábyrgð á fátækt heimilisins og förum að hugsa leiðir hvernig hægt sé að hjálpa barninu til að hjálpa hinu óverðuga foreldri. Slík hugsun gengur illa upp. Þótt þú hjálpir barninu gerist lítið ef foreldrunum er ekki hjálpað líka.“

Átak í stöðu öryrkja

Kolbeinn bætir við að mikilvægt sé að gera átak í stöðu öryrkja, án tillits til stöðu barna

þeirra. „Við getum sagt að öryrkjar séu undirstétt á Íslandi,“ segir hann.

„Við höfum horft á unga karlmenn í umræðum um öryrkja en tölurnar segja okkur að konur séu líklegri til að verða öryrkjar og munurinn eykst með aldrinum. Eitthvað í lífshlaupi kvenna veldur því að þær eru líklegri til að verða öryrkjar.“

„Hugsum okkur barn sem býr í blokk þar sem lögreglan er kölluð til hverja helgi vegna vandamála með nágrannana.“

Konur í umönnunar- og þjónustustörfum eru hin nýja verkalýðsstétt. Hluti þeirra karla sem eru að smíða og bera þunga hluti í hagkerfinu hefur minnkað en umönnunarstörf, sem eru krefjandi andlega og líkamlega, eru hin nýju erfiðu láglaunastörf. Konurnar eru líklegri til að vinna þau störf. Síðan bætist við aukið álag af uppeldi barna eða kynbundið ofbeldi. Þetta eru allt þættir sem valdið geta fólki örorku.“



Hver er Kolbeinn Hólmur Stefánsson?

Kolbeinn varði doktorsritgerð við félagsfræðideild Oxfordháskóla árið 2013. Það sem af er þessari öld hefur Kolbeinn starfað við rannsóknir og gagnagreiningar auk þess að grípa í stundakennslu á háskólastigi. Sérsvið hans eru atvinnulíf, lífskjör og velferðarmál.

Mynd: Pontus Höök/norden.org



Stéttaprófið

8.

Áttu fyrir útgjöldunum um mánaðarmót?

- a. Nei.
- b. Já, með lagni.
- c. Já, auðveldlega.

9.

Hvernig myndirðu lýsa starfsumhverfi þínu?

- a. Ég sinni almennu starfi við þjónustu, framleiðslu eða umönnun eða ófaglærðu iðnaðarstarfi.
- b. Ég starfa við það sem ég lærði.
- c. Ég starfa sem sérfræðingur eða millistjórnandi.
- d. Ég er æðst(ur) á meðalstórum eða stórum vinnustað.



Hrönn Grímsdóttir

Sterk tenging milli félagslegrar stöðu og heilbrigðis

Þættir eins og uppeldisskilyrði barna, menntun, tekjur, jöfnuður, atvinnuþáttaka, mismunun, jaðarsetning og félagslegt óréttlæti hafa mikil áhrif á heilsu, líðan og lífsgæði okkar. Mikilvægt er að tryggja börnum öruggt umhverfi til hreyfingar, þátttöku í félagsstarfi og hollra lífshátta til að byggja þau upp fyrir framtíðina og jafna leikinn.

„Það er sterk fylgni milli félagslegrar stöðu og heilbrigðis,“ segir Hrönn Grímsdóttir, lýðheilsufræðingur í Neskaupstað. Hún segir

hana hægt að sjá á ýmsan hátt, bæði eftir tekjum og menntun. „Til að mynda sjást í Bandaríkjunum sterk tengsl milli meðallauna og aldurs, lífaldurinn er lægri í þeim fylkjum þar sem meðaltekjurnar eru lægstar,“ bendir hún á.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar bæði hérlendis og erlendis á tengslum þjóðfélagsstöðu og heilsufars. Margrét Þorvaldsdóttir greindi gögn frá Landlæknisembættinu í meistararitgerð sinni „Jöfnuður í heilsufari á Íslandi árið 2010.“ Niðurstöður hennar eru þær að konur, yngra fólk, þeir sem hafa lágar tekjur og lægri stöðu á vinnumarkaði hafi marktækt fleiri vanlíðunareinkenni en aðrir hópar. Að sama skapi fundu eldri, tekjuháir og karlar sjaldnar til einkennanna. Oftar voru sterkari tengsl milli tekna og einkenna hjá körlum en konum.

Vanlíðunareinkennin sem Margrét skoðaði voru bæði andleg og líkamleg, svo sem þrekleysi, verkir í baki, höfuðverkir, svefnleysi, depurð og kvíði. Misjafnt var þó hvaða einkenni komu fram í hverjum hópi. Þannig sýndu konur í námi mest merki um depurð, en þeir sem höfðu minni tekjur og menntun sýndu frekar merki um þrekleysi.

Getan til að afla upplýsinga

Margrét bendir í ritgerðinni á að þeir sem standa höllum fæti séu í meiri þörf fyrir þjónustu heilsugæslunnar. Hins vegar séu það þeir sem hafi hærri tekjur og meiri menntun sem helst nýti hana.

„Heilsulæsi helst í hendur við menntun; getan til að taka upplýstar ákvarðanir svo sem um hvað þú borðar, hvort við hreyfum okkur, og að geta haft stjórn á álaginu sem á okkur er. Við sjáum líka að þeir sem eru í milli- og efri stéttum fá betri heilbrigðisþjónustu. Það er ekki meðvitað en gæti tengst því að þeir eru mögulega búnir að leita sér upplýsinga og spyrja frekar en þeir sem eru í veikari stöðu og bera mögulega óttablandna virðingu fyrir læknumum. Fyrir utan það að hafa efni á að nota heilbrigðiskerfið,“ segir Hrönn.

Þá má nefna að íslenskar rannsóknir hafa sýnt tengsl milli reykinga og menntunar og margar rannsóknir hafa sýnt tengsl milli offitu og tekna. Í báðum tilfellum versnar staðan eftir því sem tekjurnar eða menntunin er minni. „Það er stéttamunur í hjarta- og æðasjúkdómum. Um þá er oft talað sem velmegunarsjúkdóma en það eru öfugmæli. Ef við skoðum velmegunarsamfélagið betur kemur í ljós að þeir sem hafa hærri tekjur eru ólíklegri til að þróa með sér lífsstílstengda sjúkdóma.“

Hrönn segir nauðsynlegt að setja ekki alla ábyrgðina á einstaklinginn fyrir heilsufari hans, heldur huga að umhverfi hans og samfélagi. „

Það getur verið ýmislegt í menningunni

og umhverfinu sem hefur áhrif á heilbrigði einstaklinga svo sem aðstaða til hreyfingar og íþróttaiðkunar, verðlag á hollustu, vinnuaðstæður, álag og fleira.

Það þarf að fara varlega umræðu um ábyrgð einstaklinga og mikilvægt að smána hann ekki á nokkurn hátt með fordómafullri umræðu í tengslum við lífsstílstengda sjúkdóma eins og hefur gerst varðandi umræðu um offitu á síðustu árum. Fordómafull umræða skilar einungis verri líðan og lakari lífsvenjum. Þess vegna er mikilvægt að einfalda hlutina ekki um of með því að setja ábyrgðina á einstaklinginn.“

Mikilvægt að hlúa að börnum

Ýmislegt er hægt að gera til að jafna leikinn og bendir Hrönn einkum á að mikilvægt sé að hlúa að börnum. „Tekjurnar hafa áhrif á getu okkar til að veita öruggt húsaskjól, vera í starfi þar sem ekki þarf að vinna baki brotnu myrkranna á milli til að ná endum saman, auk þess sem þær hafa áhrif á streitu. Það eru sterk tengsl milli streitu og heilsu og sú tenging byrjar strax hjá smábörnum. Það hefur verið sýnt betur og betur fram á hversu mikil áhrif áföll í æsku hafa. Ef heimilishaldið er erfitt þá verður til meira streituumhverfi, til dæmis er talað um „eittraða streitu.“ Það hefur áhrif á heilbrigði einstaklingsins það sem eftir er ævinnar hvort hann upplifir mikla streitu fyrstu tvö æviár sín.

Það er óheilsusamlegt fyrir samfélagið að félagslegur munur sé mikill og þess vegna verður að jafna hann strax. Hérlandis hefur áhersla á heilbrigði barna og unglinga verið aukin. Besta leiðin til að draga úr mismunun milli samfélagshópa er að bjóða börnum uppá fræðslu, hollt mataræði og hreyfingu í skólum landsins. Það hefur meðal annars verið gert með heilsueflandi skólum.



Stéttaprófið

10.

Hvert ferðu í frí?

- Ég er mest heima, kannski eina viku í bústað.
- Hengi hjólhýsið aftan í og keyri um landið.
- Flýg til Reykjavíkur og þaðan áfram til Danmerkur eða spænskrar sólarstrandar.
- Flýg til Reykjavíkur og þaðan þangað sem mig langar.

11.

Hvaða hreyfingu stundarðu?

- Ég hef enga orku í ræktina eða annað þegar vinnudagurinn er búinn.
- Ræktina á staðnum og heita pottinn.
- Ofurhlaup og hjólreiðar.



Frá Unglingalandsmóti UMFÍ. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi barna að íþróttum og tómstundum.

Síðan þarf að huga að umhverfinu. Til dæmis að til séu stígar sem börn geta hjólað á í skólann eða þau séu örugg þar sem þau ganga. Síðan má nefna mat í skólum, aðgang að íþróttum og tómstundum. Þetta eru allt atriði sem samfélagið getur haft áhrif á.“

Innflytjendur í viðkvæmri stöðu

Hrönn hvetur einnig til þess að hugað sé sérstaklega að innflytjendum í íslensku þjóðfélagi. „Innflytjendur eru víðast hvar í áhættuflokki. Þeir eru oft með lægri tekjur og minni menntun eða þjálfun sem nýtist þeim ekki í starfi. Eins að þeir kunna í mörgum tilfellum ekki tungumálið og þekkja ekki inn á samfélagið. Þeir eru því ekki að nota styrkleika sína og það getur

verið hættulegt fyrir heilsuna.

Eitt það hættulegasta fyrir heilsuna er einangrun og einmanaleiki. Þess vegna skiptir félagslegur stuðningur máli. Innflytjendur hafa hins vegar oft ekki fjölskyldu sína eða vini á staðnum.

Við höfum líka séð að börn þeirra taka síður þátt í tómstundum eða íþróttum. Þess vegna er mikilvægt að yfirvöld fylgist vel með þessum hópi þannig að ekki verði

munur á heilsufari hans og annarra í framtíðinni. Það er mikilvægt að þeir fái eins mikla og fjölbreytta aðstoð og hægt er.

Þegar kemur að því að efla heilsu landsmanna er heildræn nálgun langáhrifaríkust, þar sem allir gearar samfélagsins hafa hlutverki að gegna. Þannig er mikilvægt að vinna að jöfnuði í heilsu með almennum aðgerðum sem taka tillit til þarfa viðkvæmra hópa.“



Hver er Hrönn Grímsdóttir?

Hrönn er með meistaraþráðu í lýðheilsuvísindum frá Háskóla Íslands auk þess sem hún hefur lokið prófi í sagnfræði, kennsluréttindum og náms- og starfsráðgjöf. Hún starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Austurbrú með starfsstöð í Neskaupstað. Hrönn hefur einnig kennt jóga- og líkamsrækt auk þess að halda fyrirlestra um heilsutengd málefni þar sem áherslan er ekki síður á andlega en líkamlega heilsu.

Eignadreifing

10% ríkustu fjölskyldurnar eiga 58%

Eigið fé eignamesta tíunda hluta fjölskyldna hér á landi nam um 2.728 milljörðum króna á árinu 2018 sem jafngildir tæplega 58% af öllu eigin fé heimila í landinu samkvæmt greiningu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á nýjum tölum Hagstofu Íslands um skulda- og eignastöðu heimila. Á sama tíma nam eigið fé þeirra sem eru í átta lægstu tíundunum samtals um 948 milljörðum króna. Eignajöfnuður hefur þó aukist síðustu ár.

„Við erum stödd á svipuðum stað dag og fyrir rúmum tuttugu árum, eignahlutdeild ríkustu 20% er svipuð og þá,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ.

Eignaójöfnuðurinn jókst verulega í aðdraganda hrunsins og á fyrstu árunum eftir hrun, árið 2010 voru 86% eignanna í höndum ríkustu 10% fjölskyldanna. Þá var eigið fé 80% landsmanna neikvætt eftir að skuldir hækkuðu mikið í kjölfar verðbólgu og gengisfalls í hruninu. Síðan hefur eignajöfnuðurinn aukist. „Þetta er samt ekki ástandið sem við viljum nota til samanburðar,“ segir Henný.

Samkvæmt tölunum námu heildareignir heimilanna í árslok 2018 6.855 milljörðum króna sem er aukning um 13% frá fyrra ári.

Til heildareigna teljast fasteignir, ökutæki, innistæður í bönkum og verðbréf. Hlutdeild fasteigna í heildareignum nemur ríflega 75%. Á sama tíma námu heildarskuldir heimilanna 2.111 milljörðum sem er aukning um 7,6% frá árslokum 2017. Eigið fé heimilanna, sem er mismunur á heildareignum og skuldum, nam þannig samtals 4.744 milljörðum króna í lok árs 2018 og jókst um 15,6% frá fyrra ári.

Hærri skattar á laun en eignir

Þegar talað er um jöfnuð í þjóðfélögum er oft horft á tekjudreifingu en dreifing eignanna hefur ekki síður áhrif. Henný bendir á að ekki sé horft á eignirnar sömu



Stéttaprófið

12.

Finnurðu oft fyrir þrekleysi?

- a. Já, reglulega.
- b. Já, stundum.
- c. Nei, aldrei.

13.

Með hverjum þessara stjórnámamanna myndirðu helst vilja drekka kaffi?

- a. Bjarna Benediktssyni.
- b. Katrínu Jakobsdóttur.
- c. Helga Hrafni Gunnarssyni.
- d. Ingu Sæland.

augum í skattkerfinu og tekjurnar. „Það má velta fyrir sér hvernig við notum skattkerfið til að jafna leikinn. Við skattleggjum þá hópa, sem lifa af eignum í gegnum fjármagnstekjur, lægra en þá sem lifa af launum. Hér er enginn beinn eignaskattur. Við höfum ítrekað bent á þetta í umfjöllun um skattamál og í kröfum um breytingar á tekjuskattkerfinu.


„Við skattleggjum þá hópa, sem lifa af eignum í gegnum fjármagnstekjur, lægra en þá sem lifa af launum.“

Í síðustu kjarasamningum lagði verkafélagshreyfingin mikla áherslu á breytingu á tekjuskattkerfinu til að bæta hag þeirra tekjulægstu. Við bentum hins vegar á að því yrðu að fylgja aðrar aðgerðir, við vildum ekki lækka tekjur ríkissjóðs og auðlegðarskatturinn væri ein leið til þess. Hann var lagður á eftir hrun en afnuminn árið 2014. Það var sagt að hann væri ósanngjarn því hann legðist á eldra fólk með lágar tekjur sem byggi í eigin húsnæði. Reyndin var að það voru fyrst og fremst tekju- og eignamestu heimilin sem greiddu hann. Ég held að það hefði auðveldlega mátt sníða af agnúana.“

Þá hefur fjármálaráðherra lagt fram tillögur um breytingu á lögum um erfðafjárskatt. „Hann er ein leiðin til að draga úr því að auður færist milli kynslóða og því höfum við verið mótfallin breytingum á honum. Stærstur hluti auðlegðarinnar myndi færast á milli þótt við myndum hafa hann verulega hærri en hann er í dag.“

Hlutdeild tíundahluta í eigin fé heimila

1.- 8. tíund
20%



Erfitt að greina tölur um skuldir

Út úr tölum Hagstofunnar má einnig lesa að 20% fátækustu fjölskyldurnar eru með neikvætt eignahlutfall, það er skulda meira en þær eiga. Þá kemur fram að ríkustu 10% séu líka þau sem skulda mest.

Henný segir að þær tölur þurfi að nálgast með það í huga að aðeins sé horft til þeirra sem skulda, ekki þeirra skuldlausu. Því sé erfitt að meta heildarmyndina. Þá sé auðveldara að afla skulda þegar til sé eignir á móti til veðsetningar.

9. tíund
22%



10. tíund
58%



Eigið fé eignamesta tíunda hluta fjölskyldna hér á landi nam um 2.728 milljörðum króna á árinu 2018 sem jafngildir tæplega 58% af öllu eigin fé heimila í landinu. Næsta tíund á um 22% og eiga því tvær tíundir eignamestu landsmanna 80% allra eigna á Íslandi samkvæmt greiningu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á nýjum tölum Hagstofu Íslands um skulda og eignastöðu heimila.

Ennfremur vanti frekari greiningar á hópum, svo sem eftir aldri. Í þessum hópi geti verið ungt fólk, mögulega nýkomið úr námi með námslán á bakinu og annað hvort ekki búíð, eða nýbúíð, að kaupa sér húsnæði. Staða þess batni yfirleitt með aldrinum. Alvarlegra sé ef eigið fé þeirra eldri er neikvætt.

Leigumarkaðs-fenið

Sem svo oft áður beinast augun að þeim sem eru á leigumarkaði. „Húsnæðisöryggið er grundvöllur að öllu öðru, uppeldis-skilyrðum barna, félagslegri stöðu og líðan. Um leið og við búum við óöryggi um húsnæði erum við óörugg um morgundaginn. Við höfum bent á að staðan á húsnæðismarkaði

„Húsnæðisöryggið er grundvöllur að öllu öðru.“

ræður miklu um hversu mikilla kjarabóta fólk hefur notið í uppsveiflu síðustu ára. Staða þeirra sem eiga húsnæði hefur batnað með hærra fasteignaverði og lægri vöxtum. Þeir sem eru á leigumarkaði hafa setið eftir því leigan hefur hækkað meira en launin. Sá sem er á leigumarkaði og greiðir húsaleigu sem er stór hluti ráðstöfunartekna hefur lítil tækifæri til að safna sér fyrir útborgun í húsnæði.“

Til að bregðast við þessu stofnuðu ASÍ og BSRB sjálfseignarstofnunina Bjarg íbúðafélag. Markmið þess er að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að öruggu húsnæði í langtímaleigu. Á vegum þess stendur til að byggja 1400 íbúðir á næstu fjórum árum og voru þær fyrstu afhentar í sumar. „Lögmál hins frjálsa markaðar geta ekki ein ráðið för á húsnæðismarkaði sem hefur svo afgerandi áhrif á lífskjör fólks. Þess vegna skiptir svo miklu máli að byggja upp félagslegar lausnir sem hafa húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað að leiðarljósi,“ segir Henný.



Hver er Henný Hinz?

Henný Hinz er deildarstjóri hagfræðideildar ASÍ. Hún hefur starfað á deildinni frá lokum árs 2004, fyrst sem verkefnastjóri verðlagseftirlits ASÍ og síðar sem sérfræðingur í hagdeild. Þar hefur hún ekki síst unnið á sviði velferðar-, húsnæðis- og lífeyrismála ásamt því að fjalla um efnahags-, skatta og ríkisfjármál.



Stéttaprófið

14.

Hvert ferðu út að borða?

- Á bensínstöðina eða pizza-staðinn í bænum.
- Á stað sem ég fæ góðan mat, þokkalegt úrval og þjónustu.
- Á veitingahús þar sem ég gef mér góðan tíma í notalegri stemmingu á meðan ég borða.

15.

Hvaða tónlist hlustarðu á?

- Bara það vinsælasta í útvarpinu eða Spotify.
- Gömlu góðu slagarana sem ég hef alltaf hlustað á.
- Ég reyni að fylgjast með því framúrstefnulegasta í poppi og rokki.
- Klassík og djass.

A portrait of Pálína Margeirsdóttir, a woman with short blonde hair, wearing a dark blue blazer over a white floral blouse. She is smiling and standing in front of a coastal town with houses and a road. The background is slightly blurred.

Pálína Margeirsdóttir

„Mér þykir vænt um fólk“

Ritari Afls starfsgreinafélags, Pálína Margeirsdóttir, settist fyrst í stjórn félagsins fyrir rúmum áratug. Henni fannst ekki annað hægt en að mæta því ársfundurinn það ár var haldinn í hennar heimabæ, Fáskrúðsfirði. Hún býr reyndar nú á Reyðarfirði og situr að auki í bæjarstjórn Fjarðabyggðar, er formaður íþróttu og tómstundanevndar og situr að auki í stjórnnum UÍA, SSA og slysavarnadeildarinnar á Fáskrúðsfirði. Hún á því sjaldan frí en var á leiðinni í eitt slíkt þegar fréttabréf AFLs settist niður með henni.

„Núna er ég komin í þá stöðu að ég fer ekki á nýja fundi! Maðurinn minn heldur að ég kunni ekki að segja nei. Þetta safnast upp, það er ekki svo mikið að vera í einni stjórn. Þetta verður ekki of mikið fyrr en vikuna sem allir funda í einu. En ef allir væru í einu þá væri ég ekki í svona mörgu. Ég veit ekki af hverju ég byrjaði á þessu. Á tímabili var ég ekki í neinu. Þegar ég settist í stjórn AFLs hafði ég bara verið í stjórn sunddeildar Leiknis og í fræðslunefnd Austurbyggðar,“ segir Pálína.

Við sitjum í stofunni á heimili hennar, við fætur okkar hvílir tikin Skotta sem lét eiganda sinn skilmerkilega vita þegar við hringdum dyrabjöllunni. Úr stofuglugganum er gott útsýni yfir fjörðinn, sem er gáradur og grár eins og svo alltof oft á þessu ári.

Pálína kom fyrst inn í varastjórn AFLs árið 2011 þegar þingið var haldið á Fáskrúðsfirði. Hún var þá trúnaðarmaður félagsins í grunnskólanum. „Mér fannst ekki annað hægt en að mæta á fundinn, þetta var félagið mitt með aðalfund í bænum mínum. Það endaði með því að einhver stakk upp á mér í stjórn.“

Ég fann fyrir einhverri þörf til að taka meiri þátt, finna mér eitthvað að gera og vera innan um fólk. Ég hef gaman af og er forvitin um fólk; að finna tengingu við það. Þess vegna var það draumastarfið mitt þegar ég flutti á Reyðarfjörð að vinna hjá póstinum, þannig lærði ég hvað göturnar heita og hvar fólk býr.

„Það er ekki svo mikið að vera í einni stjórn.“

Mér þykir líka fljótt vænt um fólk. Ég hef stundum ætlað að hætta í stjórnnum en þótt það erfitt. Það er eitthvað skemmtilegt við allar stjórnirnar sem ég sit í. Maður hittir mismunandi einstaklinga með ólíkar skoðanir og áherslur.

Maður þarf að hafa góða dagbók. Þegar maður er í svona mörgu lendir maður í árekstrum. Reglan er sú að sá sem bókaði fundinn fyrstur gengur fyrir, annars þarf stundum að forgangsráða. Ég held ég sé ekki manngerðin sem segir já og mætir svo aldrei.

Ég er samt ekki alltaf ánægð með mig, til dæmis þegar ég sit milli jóla og nýárs við að stemma af bókhald slysavarnadeildarinnar. Ég er hins vegar fljót að gleyma að það var ekki skemmtilegasti dagurinn á árinu. Ég veit hins vegar ekki hvað sjónvarp er, ég hafði ekki horft á það síðan Downtown Abbey hætti þar til ég fór að horfa á Ást núna um daginn.“

Dansskóli byggður á Reykjavíkudraumum

Pálína er fædd og uppalin á Fáskrúðsfirði. Hún á átta alsystkini, einn fósturbróður og einn hálfbróður. Aldursbilið er nokkuð mikið í hópnum, elsta systkinið er fætt árið 1957 og það yngsta 1976. Pálína er þriðja

ungst fædd 1970. „Ég er umvafin strákum, við erum bara þrjár systurnar. Önnur 13 árum eldri en ég, hin tíu árum.

Mér fannst ekki alltaf skemmtilegt að vera í svona í stórum hópi, fannst mjög ósanngjarnt að vera svona eyland. Við vorum alltaf eins og hundur og köttur en mamma sagði samt að það fyrsta sem við gerðum þegar við kæmum heim væri að spyrja eftir öllum þeim sem voru ekki heima. Í dag finnst mér frábært að eiga þennan hóp.“

Pálína segist vera sú úr hópnum sem var lengst á Fáskrúðsfirði. Hún flutti reyndar fyrst að heiman 16 ára, var þá hálfan vetur í Alþýðuskólanum á Eiðum en fann sig ekki þar. „Ég hætti um áramótin. Það tók ekkert við, ég fór þá í fyrsta og eina skiptið á atvinnuleysisbætur.“

„Ef hér væri dansskóli þá færi ég í hann, bara til að geta dansað.“

Það var í tvær vikur. Sigurður Hákonarson danskennari var búinn að bjóða Pálinu að koma suður til Reykjavíkur í danskennaranám. „Hann var búinn að hafa samband við móður mína. Hún vildi ekki ræða þetta meðan ég væri í skóla á Eiðum. Hún vildi að ég yrði áfram þar en ég ekki. Sigurður hafði komið austur á Fáskrúðsfjörð í viku á hverju ári og kennt dans. Fyrir mér var þetta skemmtilegasta vika ársins, maður dansaði út í eitt. Mér finnst hrikalega gaman að dansa. Ef hér væri dansskóli þá færi ég í hann, bara til að geta dansað.“

Danskennaranámið tók fjögur ár og að því loknu kenndi Pálína hjá Sigurði eitt ár áður en hún flutti aftur austur á Fáskrúðsfjörð. „Þú ert út um allt ef þú lærir



Stéttaprófið

16.

Hvað af þessu viltu helst gera í frístundum?

- Horfa á fótbolta eða sápuóperur.
- Fara út í náttúruna og hreyfa mig.
- Fara á söfn eða listsýningar.

17.

Stríðir þú við heilsufarsvanda út af yfirþyngd?

- Já.
- Já, en mér tókst að vinna úr því.
- Nei, aldrei.



Sjálfbóðaliðinn. Pálína dæmir langstökk á Sumarhátíð UÍA í fyrra.

að vera danskennari. Við í nemahópnum ræddum stundum hver væri verstí staðurinn sem við hefðum verið send á. Það gat verið mjög erfitt að vera á mjög litlum stöðum. Við kenndum í öllum sveitaskólunum, til dæmis í Nesjunum og Suðursveitinni. Maður bjó inni á fólki og rúntaði í skólabilnum á milli. Margir litu á þetta sem glamúrlíf en það var allt annað. Stundum vorum við tvær í íbúð þar sem ekkert var annað en dýnurnar sem við sváfum á, borðuðum einhvers staðar úti í bæ. Þá voru engir GSM-símar, maður spilaði og litaði í litabækur – stundum vorum við að hengjast úr leiðindum í frítímanum sem við höfðum.

Veturinn 1995 stofnaði ég dansskóla á Fáskrúðsfirði. Ég var með Reykjavíkurdrauma, mig langaði ekki að kenna allan dansinn á einni viku heldur vildi ég að börnin kæmu vikulega allan veturinn. Síðan var ég með hjónatíma,

12 vikur fyrir áramót og annað eins eftir áramót. Þetta var skemmtilegt en markaðurinn á Fáskrúðsfirði lítill. Ég kenndi einn dag í viku og vann með á Hótel Bjargi.“

Pálína kveðst hafa haldið skólanum á Fáskrúðsfirði úti í tvo vetur. Annars hafði hún kennt víða á Austfjörðum, oft með eða á móti Guðrúnu Smáradóttur á Norðfirði sem var ári á undan henni í dansskólanum. Að kenna í grunnskólum er nokkuð frábrugðið því að kenna í dansskóla. „Í dansskólann koma bara þeir sem hafa áhuga og borga vel fyrir það en í grunnskólanum færðu alla, líka þá sem hafa ekki áhuga.“

Árið 2006 fór Pálína að starfa sem skólaritari í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar og kenndi jafnframt dans þau sjö ár sem hún starfaði við skólann. Hún kenndi þar líka dans síðasta vetur.

Fékk að hafa lokað lengur í hádeginu til að geta gift sig

Eftir að hafa rekið dansskólann tók Pálína við starfi afgreiðslustjóra á pósthúsinu á Fáskrúðsfirði. „Þá var verið að breyta þeim í afgreiðslustöðvar, póstmestararnir voru lagðir niður. Ég gegndi því starfi í sex ár eða til 2004. Ég fór þá í fæðingarorlof og póstaafgreiðslan var flutt í bankann. Það var skiljanlegt, það var orðið svo lítið að gera að þetta var varla fullt starf fyrir eina manneskju. Að auki er erfitt að vera með eins manns vinnustað. Þú getur ekki sinnt veikum börnum eða tekið þér frí.

Það er hlegið að því í fjölskyldunni minni að þegar við Óskar (Jóhann Óskar Þórólfsson) giftum okkur þá fékk ég að loka pósthúsinu lengur í hádeginu þann daginn svo ég kæmist á Eskifjörð og til baka. Við giftum okkur hjá sýslumanni og höfðum tíma til að fara í Shell-skálann og fá okkur pylsu!“

Pálína starfaði í nokkra mánuði á leikskólanum Kærabæ áður en hún fór í grunnskólann þar sem hún var til 2012. Hún vann í stuttan tíma í frystihúsi Loðnuvinnslunnar áður en þau Óskar fluttu á Reyðarfjörð í mars 2013. „Það var erfitt að flytja, að vissu leyti hefði verið skárra

„Atvinnurekendur komast upp með að stela laununum af erlendu starfsfólki, vegna þess að það skilur ekki málið, þekkir ekki rétt sinn og veit ekki hvert það á að leita.“

ef ég hefði farið lengra, til Akureyrar eða Reykjavíkur. Það var svolítið eins og maður væri að svíkja Fáskrúðsfjörð með að flytja á Reyðarfjörð – af öllum stöðum!“

Þar vantaði starfsmann í stuttan tíma á pósthúsið. „Ég keyrði gömlu leiðina til Fáskrúðsfjarðar til að fara með póstinn í sveitina, síðan kom ég við á Fáskrúðsfirði og skilaði af mér póstinum áður en ég fór yfir á Stöðvarfjörð. Þar labbaði ég um allt þorpið og bar út póstinn.“ Frá 2014 hefur hún starfað sem lækningaritari hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Hún er mest á Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði en leysir af á fleiri stöðum innan Fjarðabyggðar. „Það er gott að þvælast á milli. Á heilsugæslunni hittir maður og kynnist fólki sem maður hefði annars ekki kost á.“

Erum ekki tilbúin í átökin

„Ég veit ég hljóma eins og biluð plata, en það sem mér finnst mikilvægast í verkalyðsbaráttu er að við þurfum að fá unga fólkið til að hafa áhuga á henni. Ungu fólkið má ekki halda að þau réttindi sem við höfum í dag hafi fallið af himni ofan. Fólkið á undan okkur barðist fyrir því sem við höfum. Oft erum við mjög meðvituð um skyldur vinnuveitenda gagnvart okkur en eigum til að gleyma því að við höfum líka fullt af skyldum gagnvart okkar vinnuveitendum. Við vorum með fræðslu í grunnskólunum og ég sá að hún virkaði,“ svarar Pálína spurð út í hvað skipti hana mestu máli í starfinu hjá AFLi.

„Okkur finnst kjarabaráttan oft svo fjarlæg. Áður en ég fór að taka þátt í starfinu hugsaði ég örugglega með mér að það væri fólk í þessu fyrir mig. Ungu fólkið hugsar þannig líka. Það vill hærra kaup en er ekki tilbúið að berjast fyrir því, það er með fólk í vinnu, stjórnir og samninganefndir.

Þetta verður aldrei aftur eins og í gamla daga, þar sem allir lögðu niður vinnu og

fóru út á götu til að krefjast betri kjara. Okkur vantar þann samtakamátt. Eftir því sem við eigum meira því meira eyðum við, við þurfum alltaf að passa upp á innkomuna okkar. Við erum ekki tilbúin til að eiga ekki fyrir næstu mánaðarmótum vegna þess að við förum í verkfall. Við erum átakafælin, viljum sigla ljúft í gegnum lífið. Stundum þarf maður að vera tilbúinn í átök, annars er troðið á manni.

Mér finnst hlutverk verkalyðshreyfingarinnar vera að breytast. Stundum finnst mér eins og við séum ferðaskrifstofa, orlofskostirnir eru aðalmálið fyrir íslensku félagsmennina. AFL er hins vegar að bjarga erlendum félagsmönnum. Það er algjörlega óþolandi hvað við níðumst á því fólki sem kemur til okkar. Atvinnurekendur komast upp með að stela laununum af erlendu starfsfólki, vegna þess það skilur ekki málið, þekkir ekki rétt sinn og veit ekki hvert það á að leita. Oft er þetta ungt fólk sem á erfitt uppdráttar í sínu heimalandi, við fáum það til Íslands og brjótum á því. Það gerist heldur ekkert þótt þú brjótir á vinnandi fólki. Ef það kemst upp þá þarf fyrirtækið í mesta lagi að greiða það sem upp á vantaði og þar með er málinu lokið, en hvorki það né stjórnendur fá á sig kærur eða dóm.

Sjóðsfélagar þurfa að móta stefnu lífeyrissjóðanna

Fyrir hönd AFLs sat Pálína einnig um tíma í stjórn lífeyrissjóðsins Stapa. „Þegar maður hefur lesið lög og reglur skilur maður allt í kringum lífeyrissjóðina miklu betur. Á samfélagsmiðlum hrópar fólk að sjóðirnir séu ömurlegir. En sumt af því sem gagnrýnir sjóðina hvað mest var mögulega dottið út af vinnumarkaði fyrir þritugt og fær því lítið sem ekkert úr sjóðunum. Rétturinn okkar er áunninn. Það vantar að við skiljum kerfið nógu vel.“

Oft heyrir líka að lífeyrissjóðirnir



Stéttaprófið

18.

Hefur barnið þitt þurft að hætta, eða ekki getað farið, í íþróttir eða tómstundastarf því gjaldið var of hátt?

- a. Já, oft.
- b. Einstöku sinnum.
- c. Nei, aldrei.

19.

Hver eru meðallaun þín á mánuði?

- a. Undir 400.000 krónur.
- b. 400.000–700.000 krónur.
- c. 700.000 – 1 milljón.
- d. Meira en milljón.

eigi að taka þátt í ýmsum verkefnum fyrir samfélagið, svo sem samgönguframkvæmdum eða húsnæðisuppbyggingu. „Fyrst og fremst þurfum við að átta okkur á að við sem borgum í sjóðina eigum þá. Þetta er okkar ævisparnaður og ekki til ráðstöfunar í einhver samfélagsleg verkefni. Samræmist áhættan í þessum verkefnum lögunum um sjóðina? Lagaramminn í kringum þá er mjög ferkantaður. Það eru mjög skýr ákvæði um það hvar má fjárfesta og hvar ekki.“

„Ég held að hjá flestum lífeyrissjóðunum hafi menn lært sína lexíu.“

Eftir hrun voru all margar fjárfestingar sjóðanna fyrir það skoðaðar mjög gagnrýnum augum. „Ég held að hjá flestum lífeyrissjóðunum hafi menn lært sína lexíu. Á tímabili var fjárfest í mjög áhættusömum verkefnum, menn voru jafnvel farnir að fjárfesta í draumráðningafyrirtækjum, sem hlýtur að teljast sérstakt. En síðan þá hafa bæði sjóðirnir sjálfir hert mjög alla umgjörð um fjárfestingar svo og löggjafinn. Allir lífeyrissjóðir eru í dag með skýrar verklagsreglur um fjárfestingar og áhættumat við fjárfestingar og þurfa að standa skil á upplýsingum til Fjármálaeftirlits. Upp úr hruni var sjóðunum bannað að fjárfesta erlendis og þeir þurftu því að gera það innanlands. Síðan voru þeir komnir í vandræði því möguleikarnir hérlendis eru ekki nógu miklir.“

Umræðan um vald sjóðsfélaga hefur meðal annars snúist um hvort þar ættu aðeins að sitja fulltrúar launþega í stað fulltúra þeirra og atvinnurekenda, eins og er í dag. „Mín reynsla er sú að allir í stjórninni vinni að heildarhagsmunum sjóðsins. Ég



Ritarinn. Pálína á fundi í Neskaupstað árið 2015 ásamt Sigurði Hólmi Freyssyni, varaformanni AFLs.

held að það sé ekki algott að hafa bara fulltrúa verkalyðshreyfingarinnar, oft er talað um að betra sé að hafa fjölbreytileika í stjórnnum. Það er ekki reynsla mín frá Stapa að verið sé að eyða peningum í vitleysu. Ég get ekki tekið undir það þótt sjóðirnir hafi gert mistök.“

Stundum erfitt að vera báðum megin borðsins

Frá árinu 2014 hefur Pálína setið í bæjarstjórn Fjarðabyggðar fyrir Framsóknarflokkinn. Hún segist hafa byrjað að starfa í stjórnarmálum fyrir tilstuðlan Líneikar Önnu Sævarsdóttur, núverandi þingmanns flokksins, þegar þær unnu saman í Grunnskólanum á Fáskrúðsfirði. „Ég get annað hvort þakkað henni það eða áfellið,“ segir Pálína.

Pálína var í fræðslunefnd Austurbyggðar

en segir það hafa verið nokkuð annað en vera í bæjarstjórninni. „Ég hékk með í starfi Framsóknarfélags Fjarðabyggðar. Fyrir kosningarnar 2014 var ég í uppstillingarnefnd og okkur vantaði konu ofarlega á listann. Við leitum og leitum en fundum enga,“ segir Pálína. Svo fór að hún tók þriðja sætið og komst inn í bæjarstjórnina auk þess sem hún varð formaður fræðslunefndar. „Það var mikill skóli. Það er annað að sitja í nefndum í svona stóru samfélagi. Við erum bara að horfa á stóru málin, stefnur og þess háttar.“

Hún viðurkennir að stundum getið verið vandrataður meðalvegurinn að vera bæði bæjarfulltrúi og í stjórn verkalyðsfélags. „Mér finnst ég stundum báðu megin borðsins og það getur verið erfitt, til dæmis í sumar þegar samninganefnd sveitarfélaganna borgaði ekki 105 þúsund króna uppbótina til síns lægst launaða starfsfólks. Mér fannst verið að senda því

fingerinn með því. Ég tek þetta til mín. Þótt ég sé ríkisstarfsmaðurinn og hafi fengið þessa uppbót er ég í þessum tekjuhópi sem þarf að sýna klærnar. Stundum langar mig til að standa upp og arga fyrir mig og hina en ég get ekki leyft mér það sem sveitarstjórnarmaður.“

Stöðvarfjörður

Pálína fékk eldskírni sína í stjórnámálum í kosningabaráttunni 2014 þegar ummæli hennar um að hún vildi ekki búa á Stöðvarfirði rötuðu í landsfréttirnar. „Annað hvort elskaði fólk þessi ummæli eða hataði. Það kom til mín fólk sem kaus mig fyrir hreinskilnina. Stöðfirðingar túlkuðu ummælin á ýmsan hátt, ég veit ekki um neinn þar sem var brjáláður yfir þeim. Það sagði í það minnsta enginn við mig að hann væri miður sín, reiður eða leiður.“

Ummælin í heild sinni voru reyndar þannig að Pálínu þætti frábært að vera á Stöðvarfirði þótt hún vildi ekki búa þar. Þau endurspeglu á vissan hátt áskoranir bæjarfulltrúa í sveitarfélagi með mörgum byggðakjörnum. „Bróðir minn hefur búið á Stöðvarfirði síðan ég var unglingur og ég passaði börn systur minnar á Breiðdalsvík. Ég veit hverjir áttu heima í húsunum þar á níunda áratugnum. Ég hef mikla tengingu við Stöðvarfjörð, ég þekki þar flesta og flestir þekkja mig.“

Það er stundum flókið að vera bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, stundum vildi maður vera virkari á fleiri stöðum en maður hefur ekki tíma eða tækifæri til að vera á alls konar viðburðum út um allt sveitarfélagið. Það skiptir mig máli að hafa tengingarnar inn á staðina.

Mér finnst kröfurnar um að vera út um allt hafa aukist síðan ég byrjaði 2014. Það getur verið erfitt að sameina það vinnunni, þótt minn vinnuveitandi hafi sýnt mér mikinn skilning, enda er Samband sveitarfélaga að skoða hvort það að vera í sveitarstjórn sé vænt umhverfi. Það er



heldur ekki hægt að vera bara bæjarfulltrúi. Það er hægt að hafa nógu góð laun ef maður er í nógu mörgum nefndum og ráðum en þar hefurðu til dæmis engin veikindaréttindi. Það hef ég fengið að reyna á eigin skinni.“

Vissi um leið og ég leit á símann

Þar vísar hún til þess þegar hún greindist með brjóstakrabbamein árið 2016. „Daginn sem ég fór í aðgerðina hætti ég að fá laun frá Fjarðabyggð.“

Pálína hafði vitað það frá árinu 2011 að hún væri arfberi BRCA-gensins. Þeir sem greinast með það geta valið um að fara í brjóstnám eða vera undir auknu eftirliti. Pálína valdi seinni kostinn og mætti í skoðun tvisvar á ári. Hún og lækinn hennar komu upp ákveðnu samskiptakerfi, eftir hverja skoðun sendi hann henni stuttan tölvupóst um að allt væri í lagi. „Í febrúar 2016 lagði ég fyrir utan Kringluna með öll börnin mín í bílnum. Ég leit á símann og sá að þrisvar hafði verið reynt að hringja í mig frá Landsspítalanum.“



Stéttaprófið

20.

Hvert er áætlað verðmæti eigna fjölskyldunnar (fasteignir, fjármunir, verðbréf og ökutæki)?

- a. Undir 1 milljón króna.
- b. 1-20 milljónir króna.
- c. 20-50 milljónir króna.
- d. Yfir 50 milljónir króna.

Hvaða stétt tilheyrir þú?

Hafur þú svarað öllum tuttugu spurningum stéttaprófsins getur þú nú talið saman stigin þín með upplýsingum aftast í blaðinu.

Þetta eru ekki hárnákvæm vísindi, en líklega verður þú hissa á niðurstöðunni.



Bæjarfulltrúinn. Á fundi bæjarstjórnar Fjarðabyggðar í febrúar 2018.

Læknirinn hafði aldrei hringt í mig, nema eftir fyrstu skoðunina. Þá vissi ég það.“

Pálína fór þrisvar suður til rannsókna næstu vikur á eftir og loks í aðgerðina 22. mars, um fjórum vikum eftir að meinið greindist. „Þetta voru tvö lítil ber.“ Hún hafði áður veigrað sér við brjóstnámi. Um það brjóst sem meinið fannst í hafði hún ekkert val, það yrði tekið allt og í huga Pálínu var heldur enginn vafi um hitt. „Þegar ég komst að því að ég væri með BRCA-genið hugsaði ég að ef það kæmi krabbamein í annað þá léti ég taka bæði. Ég þurfti því ekki að hugsa mig um.“

Pálína segir aðgerðina hafa gengið vel og hún hafi komið aftur til vinnu í júní. „Ég held mér liggi alltaf svolítið á en það hjálpar líka að hafa nóg að gera og koma sér á fætur.“

Einblíndi á hvað ég væri heppin

Hún segir viðbrögðin þegar hún tilkynnti sínum nánustu að hún hefði greinst með

krabbamein hafa verið blendin. „Ég sagði engum nema fullorðinni dóttur minni og manninum mínum frá fyrr en meinið var staðfest og ljóst að ég væri að fara í aðgerð. Þá hringdi ég meðal annars sjálf í öll systkini mín. Krabbamein er gildishlaðið orð og það er átak að segja öðru fólki frá, það bregst mjög misjafnlega við. Í minni fjölskyldu er mikið um krabbamein, pabbi dó úr því þegar ég var 15 ára og mamma þegar ég var 28 ára. Fólk fór að gráta og alls konar. Yngri sonur minn spurði hvort ég yrði sköllótt og dæi svo. Þetta eru myndirnar sem við sjáum.“

Ég einblíndi ekki á að ég væri með krabbamein heldur hvað ég væri heppin. Ég var undir eftirliti og því fannst meinið fljótt. Margt annað fólk er ekki svo heppið. Ég upplifði mig heldur aldrei sem veika, bara að ég hefði farið í stóra aðgerð og þyrfti að jafna mig. Ég fann það eftir á að þetta hafði verið erfitt. Erfiðast fannst mér að vera með drenslöngurnar sem taka blóðið úr brjóstholinu eftir aðgerð. Ég var með þær í þrjár vikur og var kortéri frá því að ganga

af göflunum. Daginn áður en ég losnaði við þær fór ég með vinkonu minni á Abba-sýninguna í Borgarleikhúsinu. Ég þurfti að sitja í sömu stellingunni í þrjá tíma, hafði ekki tekið nógu mikið af verkjalyfjum né tekið með mér aukatöflur. Það var algjörlega ógeðslegt. Eftir það fór ég heim, vorkenndi mér helling og grét smá, en það var líka í eina skiptið.“

Allir að verja hagsmuni sinna

Eftir að Pálína jafnaði sig eftir aðgerðina hefur hún á ný hella sér af krafti í félagsstörf. Þannig var hún í fyrrihaust kjörin í stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). „Það er sama í hvaða stjórn maður sest, það tekur tíma að átta sig á sínu hlutverki og um hvað málin snúast. Þarna fær maður meiri þekkingu á tilverunni á Austurlandi. Að vera í pólitík á Austurlandi er oft sérstakt. Átakalínunum er stundum stillt upp milli Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar. Stundum finnst mér önnur sveitafélög láta eins og við séum vondi kallinn en við gerum bara það sama og þeir, það eru allir að verja hagsmuni síns sveitarfélags“

Hún hefur einnig verið í stjórn Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA) í nokkur ár. „Ég var þökkalega virk mamma og keyrði eldri strákin minn á frjálssípróttæfingar á Egilsstöðum. Hildur Bergsdóttir (þáverandi framkvæmdastýra) náði mér inn.“

Loks er það gjaldkerastaðan hjá slysavarnadeildinni Hafðisi á Fáskrúðsfirði. „Ég var nýbyrjuð í deildinni þegar ég flutti á Reyðarfjörð. Mér fannst glatað að hætta strax aftur. Ég er búin að vera gjaldkeri síðan 2014, með fríi eitt ár. Mér finnst ekki rétt að sama manneskjan sé lengi samfellt gjaldkeri, við höfum dæmi um slíkt.“

Félagar í AFLi og framtíðin

Framtíðin á vinnumarkaði og íslensku þjóðfélagi er okkur hjá AFLi Starfsgreinafélagi hugleikin. Við heyrðum í nokkrum þátttakendum á nýafstöðnu trúnaðarmannanámskeiði okkar og fengum þeirra sýn á það sem framundan er.



Eiríkur Þorri Einarsson

35 ára, brunavörur hjá Securitas í álverinu
- Búsettur á Reyðarfirði

Hvernig sérðu fyrir þér starfið þitt eftir tíu ár, meðal annars með tilliti til aukinnar tæknivæðingar á vinnumarkaði?

„Það er nýbúið að fækka starfsmönnum Securitas í öryggisgæslunni hér í álverinu um helming. Eitt af því sem gert hefur verið í staðinn er að tæknivæða svæðið meira, öryggismyndavélum fjölgað, rafrænt móttökukerfi gesta tekið í notkun

og aðgengi hindrað með því að setja upp kortalesara þar sem þarf að bera kort upp að nema til að komast leiða sinna. Mér finnst líklegt að framtíðin verði æ meira þannig og að á endanum verður allt orðið læst með kortalesurum og myndavélar um allt. Það kemur aldrei 100% í stað mannaðar vaktar. Það þarf alltaf að vera til staðar raunverulegur öryggisvörður til að viðhalda ákveðnu öryggi og grípa inn í ef þarf, eða til að aðstoða.

Ég sé bæði góðar og slæmar hliðar á þessari þróun. Það jákvæða er að hægt er



að nota mannaflann í annað á sama tíma. Það neikvæða er að fólki finnst öryggið oft minnka þegar það finnur ekki nærveru annars fólks við að vakta hlutina. Það er skiljanlegt að sú tilfinning komi upp. Mikil streita getur fylgt því þegar skorið er niður í öryggi á þennan hátt og hætta á að viðbrögð í neyð á svæðinu lengjist vegna þess að mannafla vantar. Tæknin getur ekki allt.“

Tinna Rut Sigurðardóttir

28 ára, félagsliði í málefnum fatlaðra
- Búsett í Nesjum

Hvernig verður starfið þitt eftir tíu ár?

„Ég held að vinnan mín verði mjög svipuð og hún er nú. Ég er búin að vera í þessu starfi í sjö ár. Það eru alltaf breytingar, nýir skjólstaðingar koma og aðrir fara. Þannig er gangur lífsins. Ég held að grunnvinnan verði eins, við erum að aðstoða fólk við athafnir dagslegs lífs.

Það eina sem ég vona er að launin verði hærrí. Mér finnst til dæmis þínu djók að maðurinn minn, sem keyrir vörubíl, sé á margfalt hærrí launum. En það hefur löngum verið þannig að umönnunarstörfín eru ekki þau best borguðu.

Launin hafa samt aldrei háð okkur. Við stöndum okkar plikt. Hópurinn sem vinnur hér er mjög góður og ég efast ekkert um að hópurinn sem verður hér eftir tíu ár verði jafn frábær. Við viljum bara betri laun.“

Félagar í AFLi og framtíðin

Framtíðin á vinnumarkaði og íslensku þjóðfélagi er okkur hjá AFLi Starfsgreinafélagi hugleikin. Við heyrðum í nokkrum þátttakendum á nýafstöðnu trúnaðarmannanámskeiði okkar og fengum þeirra sýn á það sem framundan er.



Sigurður Einar Sigurðsson

59 ára, starfar við aðhlyningu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Höfn, Skjólgarði - Búsettur á Höfn í Hornarfirði

Hvernig sérðu fyrir þér starfið þitt eftir tíu ár, meðal annars með tilliti til aukinnar tæknivæðingar á vinnumarkaði?

„Líklega verður komin meiri sjálfvirkni sem aðstoðar við hjúkrun aldraðra og fleira. Með tækninni er hægt að bregðast betur og hraðar við, til dæmis ef aldraður einstaklingur dettur. Mér finnst aukin sjálfvirknivæðing í lagi ef hægt er að auka mannlega þáttinn við umönnun aldraðra. En ef starfsfólki verður markvisst fækkað

með aukinni sjálfvirkni og undirmönnun verður viðvarandi þá verður starfið ekki eftirsóknarvert.“

Hvernig heldurðu að íslensk þjóðfélag verði eftir tíu ár?

„Það er búist við miklum fjölda loftlagsflóttamanna til landsins. Það gæti breytt þjóðfélaginu, bæði til góðs og ills.“

Hvað finnst þér um stéttskiptingu í íslensku samfélagi?

„Mér finnst miður að hún hafi aukist og að meiri munur sé orðinn milli millistéttar og hinna ofurríku.“



Anna Halldóra Ragnarsdóttir

45 ára, aðstoðarverslunarstjóri í Nettó - Búsett á Höfn í Hornarfirði

Hvernig verður starfið þitt eftir tíu ár?

„Ég held að þjóðfélagið verði svipað og það er í dag. Ferðamenn munu halda áfram að heimsækja landið, hvort þeir verða færri eða fleiri finnst mér erfitt að segja til um.

Ég óska þess að innan tíu ára verði launin orðin þannig að við þurfum ekki að vinna baki brotnu alla daga til að hafa í okkur og á, þannig við getum leyft okkur meira og átt meiri frítíma með fjölskyldunni. Eins vona ég að bilið milli ríkra og fátækra minnki.

Ég held að starfið mitt verði keimlíkt. Það þarf alltaf einhvern til að stjórna versluninni og mannskapnum sem þar vinnur. Sá þarf alltaf frí, eins og lög gera ráð fyrir, og þá kemur að hlutverki mínu sem aðstoðarverslunarstjóri að leysa af. Ég held að það breytist aldrei.“



Til góðra verka

Svona reiknast stigin

1. a=7 | b=4 | c=1
2. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
3. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
4. a=1 | b=4 | c=7
5. a=1 | b=4
6. a=1 | b=4 | c=7
7. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
8. a=1 | b=4 | c=7
9. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
10. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
11. a=1 | b=4 | c=7
12. a=1 | b=4 | c=7
13. a=7 | b=5 | c=3 | d=1
14. a=1 | b=4 | c=7
15. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
16. a=1 | b=4 | c=7
17. a=1 | b=4 | c=7
18. a=1 | b=4 | c=7
19. a=1 | b=3 | c=5 | d=7
20. a=1 | b=3 | c=5 | d=7



Stéttaprófið

20-35 stig:

Þú tilheyrir verkamannastétt. Þú fórst tæplega í meira nám en skyldunámið, þú kemst af með herkjum og heldur þig í þinni heimabyggð.

36-70 stig:

Þú tilheyrir millistétt. Umhverfi þitt er þokkalega öruggt: vinnan, húsnæðið og áhugamálin, þótt ekki megi mikið út af bregða.

70-100 stig:

Þú ert í millistétt og á uppleið. Umhverfi þitt er öruggt, þú getur leyft þér ýmislegt af því nýjasta og mest spennandi ef þig langar í það og þú kynnir þér málin áður en þú tekur ákvarðanir.

Fleiri en 100 stig:

Þú ert í yfirstétt. Áhyggjur af mánaðamótum, húsnæði, eða að geta ekki leyft þér það sem þig langar til, er þér framandi hugsun. Þú gerir það sem þér sýnist og aðrir þurfa að elta.



Til góðra verka